

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

LÖG

um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Óheimilt er þó að auglýsa lausasölulyf í sjónvarpi.

2. gr.

43. gr. laganna verður svohljóðandi:

Um mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsá með sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem eru framleidd, flutt inn eða seld ólöglega hér á landi skulu gerð upptæk með dómi og enn fremur ágóði af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem nota má við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.